

Fimmta þing KÖRFUKNATTLLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS
var haldið laugardaginn 30. okt. 1965, að félagsheimili K.R. við
Kaplaskjólsveg og hófst það kl. 14:30.

Petta gerðist:

PINGSETNING:

Formaður, Bogi Þorsteinsson, setti þingið með nokkrum ávarpsorðum,
til þingheims. Bauð hann velkomna forseta ísí, Gísla Halldórsson
og heiðursforseta ísí, Benedikt G. Wåge, svo og aðra þingfulltrúa.

Kosnir starfsmenn bingsins:

Að tillögu formanns KKÍ, var Benedikt G. Wåge einróma kjörinn forseti
bingsins og tók hann þegar við stjórn þess. Pingritrar voru kosnir
Práinn Scheving og Magnús Björnsson.

Kosnar fastar nefndir bingsins:

Kjörbréfanefnd:

Práinn Scheving
Jóhannes Sigfússon
Guðmundur Þorsteinsson

Fjárhagsnefnd:

Gunnar Petersen
Finnur Finsson
Gunnar Karlsson

Laga- og leikreglnanefnd:

Halldór Sigurðsson
Eiríkur Skarphéðinsson
Pórður Bachmann

Allsherjarnefnd:

Jóhannes Sigmundsson
Gunnar Torfason
Birgir Karlsson

Avarp forseta ísfí:

Gísli Halldórsson, forseti ísfí, kvaddi sér hljóðs og flutti þinginu kveðjur framkvæmdanefndar ísfí og árnaðaróskir í tilefni af 5 ára afmælinu. Sérstaklega þakkaði hann Boga Þorsteinssyni fyrir heilladrjúgt starf hans fyrir Körfuknattleikssambandið, en hann hefir verið formaður þess frá stofnun.

Forseti tók undir bau orð Boga, er hann mælti við setningu þingsins, að aðstaða til iökunar körfuknattleiks hefði ekki verið eins góð og æskilegt hefði verið, en nú stæði það mál mjög til bóta. Fþróttahöllin nýja í Laugardal yrði opnuð í veturna, þótt ekki væri enn hægt að segja fyrir hvenær það yrði. Æfinga-aðstaða yrði þar afbragðsgóð strax og húsið yrði opnað, en langt væri samt í land að fulllokið væri við bygginguna.

Bogi Þorsteinsson þakkaði forseta ísfí hlýjar kveðjur til KKÍ og sín persónulega og minntist þess hversu vel framkvæmdanefnd ísfí hefði jafnan verið haldið á málum KKÍ, þegar til hennar hefði verið leitað um stuðning.

Skýrsla fráfarandi stjórnar:

Formaður, KKÍ, flutti skýrslu stjórnarinnar. Var henni útbýtt fjöldritaðri á þinginu og vísast til hennar.

Í lok skýrslu sinnar þakkaði formaður meðstjórnendum sínum fyrir gott og heilladrjúgt samstarf á liðnu starfsári.

K j ö r b r é f :

Þegar hér var komið, skilaði kjörbréfanefnd áliði, en frestað hafði verið, að hún settist á rökstóla unz síðbúnir fulltrúar voru mættir.

Formaður kjörbréfanefndar, Þráinn Scheving hafði orð fyrir nefndinni. Borizt höfðu kjörbréf frá 4 aðilum og voru mættir 15 fulltrúar. Kjörbréf þeirra voru í lagi og lagði nefndin til að þau yrðu samþykkt. Var svo gert samhljóða.

Peir aðilar, sem fulltrúa áttu á þinginu voru:

Íþróttabandalag Reykjavíkur,
Héraðssambandið Skarphéðinn,
Ungmennasamband Borgarfjarðar,
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar.

Skýrsla gjaldkera:

Gjaldkeri, Gunnar Petersen, las upp reikninga sambandsins og skýrði þá. Reikningarnir voru endurskoðaðir, og voru þeir samþykktir samhljóða. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár var vísað til fjárhagsnefndar.

T i l l ö g u r :

Fram voru bornar nokkrar tillögur, sem öllum var vísað til nefnda, og verður vikið að þeim síðar í þinggerðinni.

Síðan var gert pinghlé.

Ping var sett að nýju kl. 16:30 og lá þá fyrir:

Nefndaálit:

Til starfandi pingnefnda hafði verið vísað ýmsum málum og tillögum og voru nefndir starfandi í pinghléi og skiliðu þær síðan áliði. Halldór Sigurðsson hafði framsögu fyrir laga- og leikreglnanefnd, en

til hennar hafði verið vísað einni tillögu svohljóðandi:

"Útbreiðslunefnd gerir það að tillögu sinni, að tekin verði upp svæðaskipting í íslandsmótinu í Körfuknattleik í eftirtöldum flokkum."

1. fl. karla

2. - -

3. - -

4. - -

Kvenna-flokkum.

Nefndin var samþykk tillögunni og lagði til að henni yrði vísað til væntanlegrar stjórnar KKÍ til frankvænda.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Pá beindi laga- og leikreglnanefnd þeim tilnælum til stjórnar KKÍ, að hún hlutist til um að menntun dómara í Körfuknattleik verði aukin.

Pá var lagt fram álit allsherjarnefndar og hafði framsögu Jóhann Sig-mundsson. Til allsherjarnefndar hafði verið vísað einni tillögu og lagði nefndin til að hún yrði samþykkt svohljóðandi:

"5. þing KKÍ, haldíð í Reykjavík 30. október 1965, heimilar væntanlegri stjórn KKÍ að gangast fyrir afmælisfagnaði í sambandi við 5 ára afmeli sanbandsins 29. janúar n.k."

Var tillaga þessi samþykkt samhljóða.

Gunnar Petersen hafði framsögu fyrir fjárhagsnefnd, sem lagði til að fjárhagsáætlun yrði samþykkt, eins og gjaldkeri fráfarandi stjórnar lagði hana fyrir þingið.

Var fjárhagsáætlun síðan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Nokkrir þingfulltrúar báru síðan fram eftirfarandi tillögu, sen samþykkt var við atkvæðagreiðslu:

"5. þing KKÍ leyfir sér að skora á hæstvirta ríkisstjórn, að veita keppnisferðum íþróttamanna undanþágu frá væntanlegum farseðlaskatti."

Kosning í körfuknattleiksdómstól:

Kosinn var sem aðalmaður Pórir Guðmundsson og sem varamaður Guðmundur Þorsteinsson. Körfuknattleiksdómstóll er því þannig skipaður:

Aðalmenn:

Pórir Guðmundsson	til 3 ára
Guðjón Magnússon	- 2 ára
Helgi Sigurðsson	- 1 árs

Varamenn:

Guðmundur Þorsteinsson	til 3 ára
Kristinn Stefánsson	- 2 ára
Ingi Gunnarsson	- 1 árs

Kosning stjórnar KKÍ:

Fráfarandi formaður Bogi Þorsteinsson var einróma kjörinn formaður sambandsins.

Sex menn í aðalstjórn voru kjörnir: Magnús Björnsson, Gunnar Petersen, Þráinn Scheving, Ásgeir Guðmundsson, Helgi Sigurðsson og Guðjón Magnússon.

Endurskoðendur voru kjörnir þei: Pórir Guðmundsson og Helgi V. Jónsson, og til vara Gunnar Torfason.

Kosning fulltrúa á íþróttaping ísí:

Samþykkt var, að fela stjórn KKÍ að velja fulltrúa á íþróttaping. Samþykkt var að fela þingforseta og þingritara að ganga frá þinggerð. Halldór Sigurðsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði formanni og stjórn góða samvinnu á liönum árum, en Halldór hverfur nú úr stjórninni, að eigin ósk, eftir að hafa átt sæti í stjórn KKÍ frá upphafi.

Hinn nýkjörni formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði þeð traust er sér væri sýnt, er hann nú enn einu sinni væri endurkjörinn formaður KKÍ. Þakkaði hann sérstaklega þeim er nú hurfu

úr stjórninni samvinnuna og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Pá þakkaði hann forseta ÍSÍ fyrir komuna og þingforseta, Benedikt G. Wåge fyrir stjórn þingsins.

Pakkaði Bogi að lokum fulltrúun fyrir komuna, sérstaklega utanþejarfulltrúun og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Að lokum tók til mæls þingforseti, Benedikt G. Wåge. Sagði hann þingfulltrúum í stuttu máli frá Olympíu-þingi sem haldið var á Spáni nýlega, en þar var m.a. samþykkt að Körfuknattleikur kvenna skyldi framvegis vera keppnisgrein á Olympíuleikjum.

Fór hann síðan nokkrum orðum um frantið Körfuknattleiks á Íslandi og m.a. sagðist hann telja að körfuknattleikur yrði höfuðíþrótt á Íslandi í frantiðinni, þar sem körfuknattleikur væri falleg íþrótt og jafnt fyrir pilta og stúlkur. Að lokum óskaði hann stjórn KKÍ allra heilla á komandi starfsári og hvatti körfuknattleiksfólk til afreka, því nú vantaði ekki mannvirkin, nú væru það íþróttamennirnir sjálfir sem allt staði og felli með.

Sleit forseti síðan þinginu kl. 18:00.

-----ooooo-----